



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2021

### **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (hvatar til fjárfestinga, 399. mál)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarp um hvata til fjárfestinga. Verði það að lögum skapast hvatar til aukinnar og nauðsynlegrar atvinnuvegafjárfestingar þannig að samkeppnishæfni Íslands styrkist. Sjaldan hefur verið þörfin verið meiri enda ljóst að efnahagslegra áhrifa kórónuveirunnar mun gæta áfram eftir að hjarðónæmi næst. Þörf er á kröftugum hagvexti til að afleiðingar kreppunnar skaði ekki hagsæld til langs tíma. Breytingarnar eru einnig skilvirk leið til að flýta grænni uppbyggingu og fagnar Viðskiptaráð sérstökum hvötum til þess. Að því sögðu vill Viðskiptaráð koma eftirfarandi á framfæri:

- Flýting afskrifta bætir samkeppnishæfni og laðar að erlenda fjárfestingu
- Lengja þarf gildistíma í ljósi dræmra fjárfestingarhorfa


### **Flýting afskrifta bætir samkeppnishæfni og laðar að erlenda fjárfestingu**

Afskriftir fastafjármuna hafa áhrif á rekstrarhagnað og þar með tekjuskatt frá ári til árs en eru óefnislegur kostnaðarliður og koma því með jákvæðum formerkjum inn í útreikning á frjálsu fjárstreymi (e. free cash flow). Vænt arðsemi fjárfestingar byggist á núvirðingu frjáls fjárstreymis og hefur færsla þunga afskriftanna framar á líftíma fjárfestingarinnar því jákvæð áhrif og ætti að hvetja til aukinna fjárfestinga. Þetta er dregið fram í einföldu sýnidæmi á mynd 1.

Mynd 1

## Sýnidæmi: Fyrirtæki sem fjárfestir fyrir 100 m.kr. 2021

Núvirtar fjárhæðir í m.kr.<sup>1</sup>



| Núvirði FCF <sup>3</sup>   | 105 | Afskriftir hærrí á fyrstu árum fjárfestingar ... | Núvirði FCF <sup>3</sup>   | 107 |
|----------------------------|-----|--|----------------------------|-----|
| Vænt ávöxtun fjárfestingar | 5%  | ➔  | Vænt ávöxtun fjárfestingar | 7%  |
| Núvirði skattgreiðslna     | 33  | ... Vænt ávöxtun eykst                           | Núvirði skattgreiðslna     | 31  |

1 5% ávöxtunarkrafa. 2 Reklarhagnaður fyrir afskriftir, hrein vaxtagjöld og tekjuskatt. 3 Frjálst fjárfstreymi, reiknað: (EBITDA – afskriftir – hrein vaxtagjöld – tekjuskattur) + afskriftir – fjárfestingarútgjöld – hreinar breytingar á veltufjármunum. Gert er ráð fyrir síðasti liðurinn sé 0 öll 5 árin.

Fjölbreyttar og arðbærar fjárfestingar eru undirstaða aukinnar verðmætasköpunar og munu gegna lykilhlutverki í því að stytta atrennuna inn í nýtt hagvaxtarskeið. Að aðilar geti flýtt afskriftum eykur hvata til fjárfestingar á Íslandi og eykur þannig samkeppnishæfni landsins.<sup>1</sup> Til viðbótar við örvun atvinnuvegarfjárfestingar almennt séð gætu fyrirhugaðar lagabreytingar einnig stuðlað að aukinni erlendri fjárfestingu en hana hefur sárvantað á síðustu árum.<sup>2</sup> Í því samhengi er ærin ástæða til að samþykka fyrirhugaðar breytingar.

### Lengja þarf gildistíma í ljósi dræmra fjárfestingarhorfa

Í frumvarpinu er lagt til að á árunum 2021-2025 verði heimilt að afskrifa ákveðnar tegundir eigna sem aflað er á árinu 2021 um allt að 50% af fyrningargrunni. Viðskiptaráð telur að í ljósi efnahagshorfa séu rök fyrir því að heimildin gildi að minnsta kosti til ársins 2022 og að síðan verði ákvæðið nýtanlegt á árunum 2022-2026 fyrir þær eignir. Í nýbirtum Peningamálum Seðlabanka Íslands kemur fram að horfur eru á litlum vexti fjárfestingar næstu tvö ár og að árið 2023, eftir að hagkerfið á að hafa tekið við sér, verði atvinnuvegafjárfesting enn nærri fjórðungi undir langtímameðaltali (mynd 2). Með lengri

<sup>1</sup> Viðskiptaráð fjallaði nýlega um leiðir til að bæta samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði. Umfjöllunina má nálgast hér: <https://www.vi.is/utgafa/osamkeppnishaeft-skattkerfi>


<sup>2</sup> Viðskiptaráð birti nýlega tillögur sem geta stuðlað að öflugri erlendri fjárfesting hér á landi. Samantektina má nálgast hér: <https://www.vi.is/skodarir/hradari-vidspyrna-med-erlendri-fjarfestingu>

gildistíma yrði unnið með markvissari hætti gegn þessum dræmu fjárfestingahorfum, en hætt er við að áhrif laganna verði minni en vonast er til ef fyrirtæki og fjárfestar halda áfram að sér höndum.

Mynd 2

### Atvinnuvegafjárfesting

Hlutfall af landsframleiðslu



Heimildir: Hagstofa Íslands og spá Seðlabanki Íslands frá og með 2020

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði samþykkt að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,

Konráð S. Guðjónsson

Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands